



## **Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks**

### **Ársskýrsla 2010**

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings þann 14. maí árið 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna, kostun námskeiðahalds og námsefnisgerðar og jafnframt að styrkja fyrirtæki til starfs- og endurmenntunar starfsmanna.

Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,20% af heildarlaunum félagsmanna. Aðildarfélögin greiða mótframlag sem svarar ¼ af greiddu framlagi atvinnurekenda. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu iðgjaldi að uppfylltum skilyrðum sjóðsins og lækkar þá iðgjaldið um 0,10%.

#### **Stjórn sjóðsins**

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum til eins árs.

Fyrir hönd SA sátu í stjórn Andrés Magnússon, SVÞ, formaður, Svanur Valgeirsson, Debenhams, Ragnheiður B. Guðmundsdóttir, Olís.

Varamenn Hannes G. Sigurðsson, SA og Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVÞ fram í ágúst en þá tók Lísbet Einarsdóttir sæti hennar.

Fyrir hönd VR/LÍV sátu í stjórn Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, VR fram í nóvember, Stefanía Magnúsdóttir, VR, Teitur Lárusson, VR frá ágúst og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA.

Varamenn Margrét Ingbórsdóttir, Vmf. Suðurlands og Bjarki Steingrímsson, VR.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður LÍV lést í nóvember eftir stutt en erfið veikindi. Henni eru þökkuð störf sín í þágu sjóðsins en hún sat í stjórn hans frá árinu 2003. Vilji stjórnar er til að heiðra minningu Ingibjargar með gjöf til málefni sem voru henni hugleikin.

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn.

Formannsskipti voru fyrirhuguð á árinu en var frestað vegna fráfalls Ingibjargar til næsta árs.

Starfsmaður sjóðsins er Ástríður S. Valbjörnsdóttir.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Björg Sigurðardóttir frá Deloitte.

## **Störf stjórnar á tímabilinu**

Samtals voru haldnir 8 stjórnarfundir á árinu.

- Verkagsreglur samþykktar fyrir verkefnið Fræðslustjóri að láni
- Gefinn var út sameiginlegur bæklingur SVS, Starfsafls og Landsmenntar til kynningar á verkefninu Fræðslustjóri að láni
- Kynntar hugmyndir um endurskoðun á stigaávinnslu og fyrningu stiga. Áætlað er að vinna ljúki á næsta ári og breytingar taki gildi í árslok 2012.
- Samþykkt var að VR myndi vinna að gerð sameiginlegs fræðslukerfis. Stefnt er að því að það verði tekið í notkun haustið 2011
- Bráðabirgðaákvæði um 75% styrk til atvinnulausra var fellt niður frá 1. apríl
- Endurskoðun var á samningi milli starfsmenntasjóða en ójafnvægi hefur verið á flutningi réttinda vegna ólíkra reglna sjóðanna
- Gefið var út fræðsluritið Umhverfismál í innkaupavagninn en SVS veitti Rannsóknarsetri verslunarinnar styrk til verkefnisins árið 2009
- Ný lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt og tóku gildi 1. október. Engin gildandi lög hafa verið til frá árinu 1996 en lögnum er ætlað að styrkja framhaldsfræðslu og vexti almenns menntunarstigs fyrir einstaklinga með stutta skólagöngu. Vonast er eftir löggildingu fræðsluaðila í framhaldinu sem gæti auðveldað flokkun styrkja
- Greiðsluskylda allra atvinnurekenda til greiðslu iðgjalds í fræðslusjóði atvinnulífsins frá 1. júlí 2010 var samþykkt með frumvarpi félags- og tryggingaráðherra
- Rætt var um iðnnám verslunar- og skrifstofufólks og lögvernduð réttindi. Verkefnið er á borði Starfsgreinaráðs verslunar- og þjónustugreina.
- Skerpt á reglum vegna nýrra fyrirtækja eða nýrrar kennitölu vegna lækkunar á iðgjaldi og styrkja vegna fræðslustjóra að láni en fyrirtækin þurfa að hafa verið starfandi í 12 mánuði
- SVS, Starfsafl og Landsmennt gáfu út sameiginlegt rafrænt eyðublað fyrir styrkumsóknir fyrirtækja. Ljóst er að með hinu nýja eyðublaði hefur umsóknum til sjóðsins fjölgað til muna
- Farið var yfir verkefni starfsmanns Fagraðs verslunar- og þjónustugreina 2010 sem nær m.a. yfir námskrár- og námsefnisgerð, verslunarfagnamið, fræðslustjóra að láni, kynningu á SVS í fyrirtækjum og skólum, aðkomu að Starfsgreinaráði skrifstofu- og verslunargreina, erlendu samstarfi og fl. Samstarfssamningur hefur verið í gildi frá árinu 2007 milli SVS, Fagraðs og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

## **Úthlutun styrkja til félagsmanna**

Samtals voru veittir 7.828 styrkir til einstaklinga og fjölgaði þeim um 9%. Þar af á höfuðborgarsvæðinu 7.098 og 730 á landsbyggðinni. Heildarupphæð greiddra styrkja var um 152 milljónir og hefur lækkað um 9% frá síðast ári. Iðgjöld atvinnurekenda og stéttarféлага til sjóðsins voru um 236,7 milljónir og hafa hækkað um 11%.

Hlutfall greiddra styrkja voru 79% starfstengt nám og 21% tómstundanám.

Afgreiddar voru um 86 erlendar umsóknir þar af 87% starfstengt nám. Samtals voru greiddir 58 ferðastyrkir þar af 80% vegna náms erlendis.

## **Styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana**

Samtals voru veittir 39 styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana á árinu sem er aukning um 22% frá síðasta ári. Af þeim eru 15 styrkir vegna verkefnisins Fræðslustjóri að láni. Heildarupphæð greiddra styrkja á árinu voru um 7.3 milljónir sem er 59% aukning frá síðasta ári.

### Samþykktir styrkir

- Alp bílaleiga – þjónustuefling
- Dimar/Tjöld – Stjórnendanámskeið
- Dimar/Tjöld – þjónustunámskeið
- Dimar/Tjöld – þjónusta innra og ytra umhverfi
- Eimskip Ísland – Þjálfaraverkstæði fyrir innanhúss leiðbeinendur
- EJS – áhrifaríkar kynningar
- Hreint – stjórnendapjálfun
- Hreint – öryggisnámskeið
- Hreint – vistakstur
- IGS – er gaman í vinnunni
- IGS – skyndihjálp
- Íslenska gámafélagið – stjórnunarfræðsla
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn – fjallaleiðsögumannapróf
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn – nýjir leiðsögumenn
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn – sveinspróf leiðsögumanna
- Kynnisferðir/RE – skyndihjálp
- Kynnisferðir/RE – þjónustunámskeið
- Leikn, samtök fullorðinsfræðslu – ráðstefna
- N1 – þjónusta, sala og efling starfsmanna
- Primex – Markaðssetning á netinu
- SAF – dagur menntunar í ferðapjónustu
- Securitas – þjónustuefling
- Securitas – þjónusutstjórnun
- Skólavefurin.is – námstorg.is

### Styrkir vegna Fræðslustjóra að láni

- 1912 -Nathan Olsen og Ekran
- 365 miðlar
- CCP – styrkur ekki nýttur
- Center hotels - hafnað
- Eimskip Ísland
- Gunnars Majones
- Iceland Travel Assistance
- IKEA
- Íslensk Ameríska verslunarfélagið
- Íslenska gámafélagið
- Kaffitár
- Kea hotels
- Kynnisferðir
- Nautafélagið – 12 mánaða regla
- Sólning

## **Umsóknir um lækkun á iðgjaldi**

### Nýjar umsóknir samþykktar

- OgVodafone
- TM

### Endurnýjun umsókna

- Húsasmijan
- Lyfja

### Ekki sótt um endurnýjun

- Icelandair

### Umsóknum hafnað

- BYKO
- Eimskip Ísland
- Ogfjarskipti